





Aðalskipulag 1997-2017

GREINARGERÐ

Forsendur og staðhættir
Á jörðinni Syðri-Reistará er stundaður sauðfjárbúskapur en jafnframt stunduð vinna utan heimilis. Fyrirhugað er að reisa nýtt íbúðarhús á sér lóð í túnjaðri skammt norðan við núverandi íbúðarhús og mun hlutaðeigandi taka að hluta til þátt í bústörfum. Fyrir þetta svæði er í gildi aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017 og það skilgreint sem landbúnaðarsvæði, en Hörgárbyggð og Arnarneshreppur sameinuðust í Hörgársveit árið 2010. Samkvæmt aðalskipulaginu er heimilt að byggja íbúðarhús á leigulóðum á bújörðum án tengsla við búrekstur, sjá kafla 4.4 í greinargerð aðalskipulagsins.
Gerð hefur verið fornleifaskráning í Arnarneshreppi (nú Hörgársveit) og samkvæmt henni eru engar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins, en komi þær í ljós við framkvæmdir er skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart.

Aðkoma og veitur
Aðkoma verður af heimreið að S-Reistará sem tengist þjóðvegi nr. 82 Ólafsfjarðarvegi.
Vatn fæst úr vatnslögn að núverandi íbúðarhúsi.
Fráveita verður tengd rotþró sem fyrir er og er hún staðsett neðan vegarslóða að fjárhúsum.

Skilmálar
Flatarmál grunnflatar húss verður um 65 m2 og þar að auki nýtanlegt ris sem svefnloft.
Heildarhæð verður um 5 m.

Samþykktir
Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari br. var samþykkt í skipulagsnefnd þann......... 2011.

og í sveitarstjórn þann............ 2011.

Tillagan var auglýst frá............ 2011 með athugasemdafresti til ......... 2011

Auglýsing um gildistöku deiliskipulags var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann.......2011

## Syðri-Reistará íbúðarhús

teikn: Deiliskipulagstillaga mkv: 1:2000 í A3 teiknað af: ghg

verknr: 11-106 dags: 26-07-11 br: br: teikn-nr:

guðbjörg guðmundsdóttir
landslagsarkitekt fíla
guðmundur h gunnarsson
ráðgjafi

BÚGARÐUR
Ráðgjafaþjónusta á Norðausturlandi
Óseyri 2, 603 Akureyri, s:460 4477. netf: bugardur@bugardur.is